

Borgarstjórn Reykjavíkur
6. júní 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umhverfismat vegna mengaðs jarðvegs á fyrirhuguðu byggingarsvæði í Skerjafirði

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að óska eftir því við Skipulagsstofnun að láta framkvæma umhverfismat vegna mengaðs jarðvegs á því landsvæði þar sem fyrirhuguð er uppbygging á nýrri byggð í Skerjafirði. Á því svæði er einhver mengaðasti jarðvegur borgarinnar en ekkert liggur fyrir um það hvaða áhrif umtalsvert jarðrask á þessum slóðum kynni að hafa heilsufarslega á íbúa nærliggjandi byggðar né um hvaða áhrif slíkt jarðrask kynni að hafa á lífríki fjörunnar. Í 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 segir m.a. um markmið laganna: Sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.